

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2016

Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 18. maí 2017.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps, í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS). Núgildandi samningur var gerður árið 2015 og gildir til 31. ágúst 2019. Gerður var viðauki við samninginn er nýr fagstjóri Sarps var ráðinn til starfa á árinu og tók hann gildi 18. nóvember 2016. Formlegt samstarf félaganna hófst haustið 2013 en þá var eldri þjónustusamningur undirritaður.

Markmið samstarfs RS og LB er að samnýta aðföng, auka gæðaeftirlit með skráningu í Sarp, stuðla að betri upplýsingagjöf til eigenda og notendapjónustu auk þess að auka aðgengi almennings að gögnum í Sarpi með því að gera þau aðgengileg í gegnum leitarvél, m.a. á vefnum leitar.is. Í þjónustusamningnum felst að LB tekur að sér daglegan rekstur og stjórnun félagsins, samningagerð, áframhaldandi kerfispróun og notendapjónustu. Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 2, Reykjavík.

Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 30. maí 2016. Á fundinum var kjörið fulltrúaráð og það skipa: Anna Guðný Ásgeirsdóttir og Anna Lísu Rúnarsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Anna María Urbancic og Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands, Gerður Róbertsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Haraldur Þór Egilsson frá Minjasafninu á Akureyri, Inga Jónsdóttir frá Listasafni Árnesinga, Oddgeir Isaksen frá Minjastofnun Íslands og Pétur Kristjánsson frá Tækniminjasafni Austurlands.

Fulltrúaráðið kom saman að aðalfundi loknum og kaus Önnu Guðnýju Ásgeirsdóttur sem formann. Ráðið kaus einnig úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Í stjórn voru kjörin: Anna Lísu Rúnarsdóttir, formaður og Anna María Urbancic, gjaldkeri og Haraldur Þór Egilsson, ritari. Varamenn voru kjörnir: Anna Guðný Ásgeirsdóttir fyrir Önnu Lísu, Dagný Heiðdal fyrir Önnu Maríu Urbancic og Gerður Róbertsdóttir fyrir Harald.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðið hélt einn fund á árinu. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Fulltrúaráð kom saman að loknum aðalfundi 30. maí og kaus formann og framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt 9 fundi á árinu. Eitt af stærri viðfangsefnum félagsins á árinu 2016 var athugun á því hvernig taka mætti á því sem RS taldi ítrekaða ólögmdæta notkun Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) á skráðu vörumerki félagsins, Sarpur, fyrir vefupptökusafn RÚV. Niðurstaða málsins varð sú að gengið var frá samningi á milli RS og RÚV sem undirritaður var 3. febrúar 2017. Með samningnum skuldbindur RÚV sig til að láta af allri notkun vörumerkisins Sarpur/Sarpurinn í starfssemi sinni fyrir 15. febrúar 2018. Í samkomulaginu er kveðið á um að RS eigi kr. 1.000.000 inneign hjá RÚV til kaupa á viðskiptaboðum sem nýta skuli fyrir 31. desember 2018. Stjórn RS telur þessar málalyktir falla afar vel að hagsmunum félagsins og gott að komin sé niðurstaða í málið þar sem óhægt er um vik að ráðast í kynningar á Sarpi á sama tíma og vörumerkið er í notkun hjá RÚV.

Annað viðamikið verkefni var endurskoðun á uppbyggingu gjaldskrár félagsins en sú vinna fór fram í samstarfi við vinnuhóp sem skipaður hafði verið um málið. Niðurstaðan var kynnt á aðalfundi 2016 og fékk jákvæðar undirtektir. Greiðslumódelið er þrepaskipt gjaldskrá sem tekur mið af ársverkafjölda safna. Horfið er frá gagnamagnsviðmiði sem áður var í gjaldskránni auk þess sem „potturinn“ svokallaði, þar sem heildarupphæð var deilt á milli safna heyrir nú sögunni til. Greiðsla hvers safns er óháð notkun annarra á kerfinu, safn greiðir gjald til samræmis við ársverkafjölda. Gjaldið hækkar síðan á milli ára í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs. Ársverkaviðmið fyrir fyrirtæki eru 5 ársverk líkt og verið hefur. Samkvæmt gjaldskránni úrskurðar framkvæmdastjórn um þjónustugjöld aðila sem hvorki er safn eða fyrirtæki. Með ákvæði um lágmarksgjald er verið að senda þau skilaboð að þeir sem gerist aðilar að Sarpi verði að gera slíkt með langtímahugsun í huga. Með nýrri gjaldskrá félagsins verður sú breyting á að uppbyggingu hennar er lýst með almennum texta, í stað þess að hún samanstandi aðeins af töflu yfir árleg þjónustugjöld safna. Gjaldskráin er aðgengileg á heimasíðu félagsins, <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/gjaldskra/gjaldskra-rekstrarfelags-sarps-2017>.

Á meðal annarra viðfangsefna félagsins á árinu var stefnumótun um leiðsögn til aðildarsafna varðandi það hvað þeim sé heimilt að skrá í Sarp. Annað mikilvægt verkefni var ráðning nýs fagstjóra Sarps.

Starfsmannahald

Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri LB, sinnti áfram starfi framkvæmdastjóra RS en sérfræðingar LB sinntu afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS í um 60% starfshlutfalli.

Starfsmannabreytingar urðu á árinu 2016 en Sigurður Trausti Traustason, sem gengt hafði stöðu fagstjóra Sarps frá hausti 2013 sagði upp starfi sínu í lok september. Mikil áhersla var lögð á að finna nýjan fagstjóra sem fyrst og var starfið auglýst 8. október. Tuttugu og sex umsóknir bárust um stöðuna og voru tekin viðtöl við átta umsækjendur. Niðurstaðan varð að 18. nóvember 2016 var Vala Gunnarsdóttir ráðin í starf fagstjóra Sarps og hóf hún störf í hlutastarfi stuttu síðar en var komin í 100% starf í febrúar á þessu ári. Vala er með BA gráðu í fornleifafraeði (2010) og MA gráðu í safnafræði (2013).

Sú breyting varð að nýr fagstjóri Sarps var ráðinn til starfa sem starfsmaður LB en hann sinnir að fullu verkefnum fyrir RS. RS greiðir LB fyrir vinnu fagstjóra. RS er því ekki lengur með

starfsmann á launaskrá og er öll vinna sem unnin er hjá félaginu í dag aðkeypt vinna. Verkaskipting á milli framkvæmdastjóra og fagstjóra Sarps er sú sama og áður, framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri og starfsemi RS en fagstjóri heldur utan um kerfisþróun og notendapjónustu.

Rekstur RS

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins og gerði áætlunin ráð fyrir að tekjur dygðu að mestu fyrir útgjöldum.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2016 námu 33,8 millj. kr. en rekstrargjöld voru samtals 31,1 millj. kr. Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2016 er 2,6 millj. kr. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna reynist hagnaður ársins nema 2,9 millj. kr.

Rekstrartekjur ársins skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga og styrki. Tekjur vegna notendaleyfissamninga námu 29,3 milljónum króna. Verkefnastyrkir úr safnasjóði voru 4,5 millj.kr. Rekstrargjöld ársins skiptast í rekstrarkostnað kerfis 12,2 millj. kr., laun og tengd gjöld 9,2 millj. kr. og annan rekstrarkostnað 9,8 millj. kr.

Bókfært eigið fé í lok ársins 2016 er 16,7 millj.kr. Eignir RS eru 19,6 millj. kr. skv. efnahagsreikningi.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2016.

Af vettvangi kerfisþróunar, viðhalds og reksturs

Snemma á árinu 2016 var unnin vefgreining á hvað betur mætti fara í viðmóti innra vefs Sarps (skráningarkerfi). Vefgreiningin var unnin af Fúnksjón vefráðgjöf í samvinnu við RS. Margt athyglisvert kristallaðist út úr þeirri vinnu og varð niðurstaðan grunnur í viðamiklar breytingar á útliti og virkni innra vefsins og leit hluti þeirra dagsins ljós seint á aðventunni. Frekari breytingar verða unnar á árinu 2017.

Í samvinnu við fyrirtækið Sjá og LB var farið í notendaprófanir á ytri vef sarpur.is snemma árs. Þátttakendum gekk ágætlega að leysa þau verkefni sem fyrir þá voru lögð. Engu að síður komu fram góðar ábendingar um atriði sem þarf að skoða og lagfæra þannig að vefurinn verði enn notendavænni en nú er. Strax var ráðist í úrbætur á einföldum atriðum en ekki tókst að ljúka við stærri atriði og bíður úrvinnsla þeirra fram til nýs árs.

Þrjú verkefni er varða áframhaldandi þróun Sarps fengu styrk úr safnasjóði á árinu 2015 að samtals upphæð 4,5 milljónir króna en veittur var frestur til ársins 2016 til að ljúka þeim. Þetta eru verkefni „Sarpur. Flokkun og varðveisla aðfanga“, „Sarpur - Skýrslur og úttaksmöguleikar“ og „Notendavænni Sarpur“.

Líkt og sagt var frá í skýrslu stjórnar 2015 er forritun vegna viðhalds kerfis og þróunar þess í höndum fyrirtækisins PES ehf. Öll sú vinna er unnin undir handleiðslu fagstjóra Sarps. Á árinu voru kerfisuppfærslur sem unnar eru í svokölluðum sprettum alls átta talsins. Hér var bæði um minniháttar viðhald að ræða sem og ýmsar kerfisviðbætur auk verkefna sem safnasjóður og Þjóðminjasafn styrktu. Það verklag var viðhaft að ítarleg lýsing á innihaldi hvers spretts var send út á póstlista Sarps í kjölfar virkjunar hans. Kennslumyndbönd voru einnig útbúin og gerð aðgengileg á þjónustuvef. Á meðal stærri kerfisverkefna og -viðbóta má

nefna: einföldun á forskoðunarsniði og myndainnflutningi, leit á innri vef var opnuð fyrir öll söfn, flokkaleit var virkjuð, þjóðhættir voru endurgerðir og gert kleift að stofna spurningaskrár í Sarpi sem notendur svara á sarpur.is. Loks var útliti innra vefsins gjörbreytt.

Hýsing Sarps og sarpur.is er í höndum fyrirtækisins Þekking líkt og verið hefur.

Skráningarráð Sarps og skráningarhandbók

Skráningarráð Sarps sat sjö fundi á árinu 2016. Hlutverk ráðsins, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2015, er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er gerð og viðhald skráningarhandbókar Sarps auk þess sem ráðið ályktar um álitamál sem varða skráningu. Nú eru sjö fyrstu kaflar skráningarhandbókarinnar aðgengilegir á þjónustuvef félagsins á slóðinni <https://www.landskerfi.is/leidbeiningar/sarpur/skraningarhandbok-sarps>. Innskráningar er krafist svo hægt sé að skoða skráningarhandbókina en allir starfsmenn aðildarsafna Sarps geta stofnað aðgang. Alls opnuðu 93 notendur yfirlit skráningarhandbókarinnar á árinu. Mest notaði kaflinn var Munaskrá.

Heimasíða ráðsins er: <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/samstarfsadilar/skraningarrad> og þar má nálgast fundargerðir frá fundum þess. Í ráðinu sitja nú Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lía Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Inga Lára Baldvinsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Sigrún Ásta Jónsdóttir frá Byggðasafni Reykjanesbæjar og Steinar Örn Atlason frá Listasafni Íslands.

Fjöldi notenda – nýir notendur - umfang gagnasafnsins – heimsóknir á vefi

Listasafn Einars Jónssonar bættist í hóp aðildarsafna Sarps á seinnihluta árs 2016. Greiddendur á árinu voru 52 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu og 14 með samstarfsaðild.

Í lok ársins 2016 voru 165 notendur með aðgang að innri vef Sarps. Um 85% þeirra voru með kerfisaðgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum einhvers aðfangs í Sarpi (*B – breytinga- og skráningaraðgangur*), 4% notenda voru með aðgang sem gerir kleift að lesa og skrá færslur (*S – skráningaraðgangur*) og 11% notenda voru einungis með lesaðgang að kerfinu (*L - lesaðgangur*). Stór hluti skráðra notenda eða um 89% er því með skráningaraðgang að Sarpi. Einu sinni á ári eru notendur sem ekki hafa skráð sig inn í meira en ár gerðir óvirkir í kerfinu.

Þann 10. apríl 2017 eru 1.585.878 færslur skráðar í Sarp. Á sama tíma eru 1.229.375 færslur birtar á sarpur.is. Þar af eru 1.215.373 færslur aðgengilegar í gegnum leitir.is.

Heimsóknir á sarpur.is hafa aukist jafnt og þétt frá því vefurinn var opnaður haustið 2013. Á árinu 2016 voru heimsóknir 85.169 talsins, en voru á árinu 2015 alls 70.668 og 53.985 árið á undan. Fjöldi sýninga í birtingu á sarpur.is voru 28 á árinu en voru 17 á árinu 2015.

Almenn notendapjónusta

Á árinu 2016 var ný og öflug heimasíða Landskerfis bókasafna sett í loftið. Rekstrarfélag Sarps fékk sinn stað á þessum nýja vef, <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/felagid> en þar eru meðal annars birtar upplýsingar um skipulag félagsins, aðildarsöfn auk gjaldskrár og er það nýmæli í rekstri félagsins. Vefurinn landskerfi.is gengir ekki aðeins hlutverki hefðbundinnar heimasíðu, heldur inniheldur hann bæði þjónustuvef með fjölbreyttum leiðbeiningum m.a. um notkun Sarps, og verkbeiðnakerfi fyrir fyrirspurnir sem koma frá viðskiptavinum Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps. Starfsfólk safnanna þarf að

stofna aðgang á vefnum til þess að fá aðgang að verkbeiðnakerfinu, þjónustuvef og til að geta skráð sig á námskeið sem félagið heldur. Um leið og aðgangur er stofnaður er mælt með því að notendur skrái sig á póstlista Sarps þ.a. þeir fái tölvupósta frá félaginu um uppfærslur og fleira er kerfisrekstur varðar. Í apríl 2017 eru 95 starfsmenn aðildarsafna Sarps búnir að stofna aðgang á vefnum. Með hliðsjón af þeim fjölda sem hafði skráningaraðgang að Sarpi í lok árs 2016 má draga þá ályktun að enn vanti töluvert upp á að notendur hafi stofnað aðgang að þjónustuvefnum.

Alls voru haldin fjögur námskeið fyrir notendur Sarps á árinu 2016. Þar af voru tvö þeirra námskeið í skráningu og tvö grunnnámskeið.

Lokaorð

Árið 2016 voru mikilvæg skref tekin við áframhaldandi uppbyggingu Sarps eins og rakið hefur verið hér á undan. Gott samstarf hefur verið við Landskerfi bókasafna sem hefur haft jákvæð áhrif á rekstur og faglegt starf félagsins. Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Sérstaklega er Sigurði Trausta Traustasyni og Dagnýju Heiðdal færðar þakkir fyrir gott starf í þágu félagsins á undanförunum árum. Jafnframt vill hún færa Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Völu Gunnarsdóttur fagstjóra og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna þakkir fyrir ánægjulegt og árangursríkt starf í þágu félagsins. Sarpur hefur haldið áfram að vaxa og þróast og örugg skref tekin til enn frekari eflingar á fagmennsku. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut, tryggja að áframhaldandi þróun verði í takti við þarfir notenda og að Sarpur sé sú vandaða upplýsingaveita um menningararfinn sem honum er ætlað að vera.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Anna Lísá Rúnarsdóttir, formaður
Anna María Urbancic, gjaldkeri
Haraldur Þór Egilsson, ritari